

Réttir landsins

Ísland býr yfir einstökum mannvirkjum og minjum sem eru fjár-og stóðréttir landsins. Margar eru meðal helstu og stærstu fornleifa sem finnast á landinu.

Sauðfjárbúskapur var helsti atvinnuvegur þjóðarinnar í margar aldir. Hvert bú rak sitt fé á fjall í sumarbyrjun og síðan að hausti sameinaðist sveitin um að smala og reka fé til réttar.

Hvert býli hafði sinn dilk í réttinni og gátu stærstu réttir haft tugi dilka.

Þetta eru einhver sérstökustu, formfallegustu, merkilegustu og sögufrægustu mannvirki þjóðarinnar.

Hönnun og bygging ótal margra rétta ber vitni um hugvit, útsjónarsemi og fagurfræði bænda. Hægt er að segja að þetta hafi verið eina þegnskylda þjóðarinnar þar sem allir þurftu að leggja til vinnu og/eða fjármagn.

Augljós er virðing þeirra fyrir umhverfinu. Ótrúlega margar réttir eru enn til og margar mjög áhugaverðar sem myndefni. Margar eru að hverfa eða eru horfnar, bæði er náttúran og mannfólk þar að verki. Þær eru dreifðar um allt land og sumar afskekktar. Bændasamtökin gefa út réttalista sem inniheldur um 120 réttir sem eru í notkun, þær eru þó töluvert fleiri sem eru afskráðar. Allmargar höfum við fundið sem ekki eru skráðar með því að skoða loftmyndir, kanna ýmsar heimildir og afla upplýsinga frá bændum og öðrum staðkunnugum.

Nú eru skráðar hjá okkur nálægt 1000 réttir og myndaðar hafa verið um 600.

Notast er við dróna og einnig er myndað af jörðu.

Heimildarsöfnun er hafin. Í bókinni verður einnig fróðlegur kafli um réttir.

Hugmyndin er að fallegustu og merkilegustu réttirnar verði birtar í veglegri ljósmyndabók. Auk þess eru hugmyndin að setja allar réttirnar á vef og gera þær aðgengilegar. Allar eru þær með GPS staðsetningu.

Við undirrituð feðgin höfum um árábil safnað saman upplýsingum og myndað réttir og er þetta mikið verk bæði hvað varðar tíma, kostnað við akstur og gistingu. Reiknum við með að verkinu verði lokið seinni hluta 2026, þá er stefnt á útgáfu bókar. Áætluð stærð er um 400 síður.

Nú viljum við leita eftir stuðningi ykkar. Innan flestra ef ekki allra sveitarfélaga leynast réttir.

Í fyrsta lagi með fjárhagslegum stuðning sem felst í eftirfarandi framlagi.

100 þúsund = 2 bækur komi til stuðningsaðila við útgáfu.

250 þúsund = 5 bækur komi til stuðningsaðila við útgáfu.

500 þúsund = 10 bækur komi til stuðningsaðila við útgáfu.

Hægt er að leggja inn pantanir á fleiri bókum. Forsöluverð er 15.000 kr. hver bók

Við viljum gjarnan biðja ykkur um að benda okkur á gott fólk sem þekkir vel til og væri tilbúið að aðstoða okkur við söfnun heimilda varðandi sögu einstakra rétta á ykkar heimasvæði.

Upplýsingar má senda á afjola@simnet.is póstfang Önnu Fjólu
sími 8983410 Reikningsnúmer 525-25-408000 kt. 071260-6319

Virðingarfyllst.

Anna Fjóla Gísladóttir ljósmyndari

Gísli B. Björnsson teiknari og hönnuður

Sjá meðfylgjandi kynningu